

Stjórnarfundur 290

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
17.10.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 290
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 11:42	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Hilda Jana Gísladóttir Geir Kristinn Aðalsteinsson Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri Kristín Kjartansdóttir, fjármálastjóri Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs		

Dagskrá fundar:

1. Fjárfestingaáætlun 2024 - 2027
2. Verðskrá veitna og styrkir 2024
3. Mannaflapörf og launaáætlun
4. Fjárhagsáætlun 2024
5. Lánamál Norðurorku
6. Arnarnes, sala á húsnæði og lóð
7. Birting fundargerða og stefnuskjala Norðurorku á heimasíðu
8. Opið bréf til Norðurorku vegna hreinsistöðvar fráveitu
9. Önnur mál

1. Fjárfestingaáætlun 2024 - 2027

Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs fer yfir fjárfestingaáætlun 2024 - 2027.

Líkt og á yfirstandandi ári ber áætlun næsta árs þess merki að mikil þensla er og hefur verið í húsbýggingum. Það hefur þær afleiðingar að fjárfesta þarf í veitukerfum í nýjum hverfum, einnig hefur þessi þensla þau áhrif á Norðurorku að þörfin fyrir heitt vatn hefur aukist mikið og mun halda áfram að aukast. Þess ber að geta að þörf fyrir heitt vatn eykst hraðar en fólksfjöldi. Þessi aukning ásamt því að vinnsluvæðið á Hjalteyri er komið í hámarksvinnslu leiðir til þess að fyrirtækið þarf að horfa til jarðhitasvæðanna í Ytri Haga og Birnunesborgum til að afla vatns til framtíðar og sér þess stað í áætluninni. Nýtt tækifæri hefur skapast með virkjun glatvarma frá álþynnuverksmiðju TDK og er ráðgert að sú „virkjun“ verði komin í gagnið á seinni hluta ársins 2024. Það skapar rými til þess að hliðra öllum framkvæmdum við virkjun jarðhita í Ytri Vík til um eitt ár. Er gert ráð fyrir því að ráðast í vegagerð og undirbúning vinnsluvæðis í Ytri Vík á næsta ári en borun vinnsluholu verði færð til ársins 2025. Með þessu móti hefur tekist að „fletja út“ fjárfestingar næstu ára og jafna álag og fjárfestingarþörf. En fjárfestingarþörfin er fyrst og fremst í nýjum hverfum og vatnsöflun fyrir hitaveitu félagsins ásamt snjallvæðingu mælakerfis sem býður upp á ýmsa möguleika í bættri nýtingu á kerfum í hita- og rafveitu.

Áætlað er að fjárfestingar ársins 2024 verði um 1.880 milljónir króna sem er svipað fjárfestingum yfirstandandi árs. Um 45% áætlaðra fjárfestinga 2024 er vegna hitaveitu. Fjárfestingar árána 2025 - 2027 eru áætlaðar um og yfir 1.600 milljónir hvert ár. Samanlagðar áætlaðar fjárfestingar næstu fjögur ár eru tæplega 6,8 milljarðar og eru framkvæmdir í hitaveitu 52% af því.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við fjárfestingaáætlun.

2. Verðskrá veitna og styrkir 2024

Undir liðnum var farið yfir ýmislegt efni sem myndar grunn fyrir gerð rekstraráætlunar næsta árs og næstu ára.

Verðskrá veitna

Á liðnum árum hefur verið notuð sú aðferðarfræði varðandi grunn til útreikninga á breytingu á verðskrá komandi árs að annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum. Með þessu sjást áhrif vísitölbreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku. Hins vegar er horft til verðbólguþá Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár. Þessar vísitölur hafa verið vegnar saman til helminga og gefa þannig vísitölu sem myndar grunn fjárhagsáætlunar næsta árs.

Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði er nú reiknuð 8,6% og verðbólguþá Seðlabankans fyrir 2024 er 4,6%. Þessar tölur, vegnar saman til helminga eru 6,6% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2024.

Fráveita

Rekstur fráveitu er í jafnvægi og tekjur standa undir rekstri, þ.á.m. hreinsistöðvarinnar. Þrátt fyrir áætlaðar kostnaðarsamar framkvæmdir á næsta ári er gert ráð fyrir að nýjar tekjur muni duga til að mæta þeim kostnaði til lengri tíma. Tillaga forstjóra er að hækka fráveituna um vísitöluhækkun, 6,6%.

Samþykkt að hækka verðskrá fráveitu um 6,6%

Vatnsveita

Rekstur vatnsveitu er í jafnvægi og tekjur standa undir rekstri. Þrátt fyrir áætlaðar kostnaðarsamar framkvæmdir á næsta ári er gert ráð fyrir að nýjar tekjur muni duga til að mæta þeim kostnaði til lengri tíma. Tillaga forstjóra er að hækka fráveituna um vísitöluhækkun, 6,6%.

Samþykkt að hækka verðskrá vatnsveitu um 6,6%

Rafveita

Magn dreifðrar orku í rafveitunni hefur lítið breyst í mörg ár þrátt fyrir fjölgun íbúða. Nú sjást merki aukningar umfram það sem rekja má til aukinnar rafbílavæðingar. Tekjur í rafveitu hafa í nokkur ár verið vanteknar, þ.e. talsvert hefur vantað upp á það að tekjumörk séu nýtt til fulls og mikilvægt er að nálgast þau tekjumörk sem rafveitu eru sett. Um síðustu áramót var gjaldskrá rafveitu hækkuð um 11%, tæplega 3 prósentustigum umfram vísitölu með það að markmiði að nýta svigrúm tekjumarka. Einnig hækkaði gjaldskrá rafveitu um 4,9% 1. ágúst sl. eins og aðrar veitur. Útlit er fyrir að með hækkunum á yfirstandandi ári verði tekjumörk nýtt en áfram eru ónýtt uppsöfnuð tekjumörk. Tillaga forstjóra er að hækka rafveituna um 10,0 þ.e. 3,4% umfram vísitölu með það að markmiði að nýta uppsöfnuð, ónýtt tekjumörk og að mæta fjárfestingarþörf.

Samþykkt að hækka verðskrá rafveitu um 10,0%

Hitaveita Akureyri

Fyrir liggur að óhjákvæmilegt er að ráðast í mjög kostnaðarsamar rannsóknir, fjárfestingar og framkvæmdir á næstu árum. Framkvæmdaáætlun hitaveitu gerir ráð fyrir 851 milljónum króna í fjárfestingar 2024, samtals 3,5 milljarða fjárfestingum næstu fjögur ár. Fjárfestingar í hitaveitu eru 52% af fjárfestingum næstu fjögurra ára. Nauðsynlegt er að hækka hitaveituna til þess að standa undir þessum miklu framkvæmdum og fjárfestingum. Tillaga forstjóra er að hækka hitaveituna um 12,0%.

Samþykkt að hækka verðskrá hitaveitu á Akureyri um 12,0%

Hitaveita, Reykjaveita

Á yfirstandandi ári var unnið virðismat á Reykjaveitu sem leiddi það í ljós að veitan stendur ekki undir sér miðað við núverandi verðskrá. Væri af þeim sökum tilefni til talverðrar hækkunar umfram vísitölu. Hins vegar ber að hafa í huga að Reykjaveita er í hópi dýrustu hitaveitna á landinu. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hækka Reykjaveitu um 8,6%.

Samþykkt að hækka verðskrá Reykjaveitu um 8,6%

Forstjóra falið að vinna áfram með samþykktar breytingar á verðskrá til að mynda heildstæða fjárhagsáætlun fyrir næsta fund.

Styrkir og samfélagsþróun.

Stjórn tekur styrkjamál til sérstakrar skoðunar.

3. Mannaflapörf og launaáætlun

Um árabíl hefur verið vaxandi álag á hluta starfsfólks, stjórnendur og annað lykilmál vegna aukinna verkefna og flóknara umhverfis í starfsemi Norðurorku. Er svo komið að bregðast verður hratt og vel við til að snúa við vöndri þróun. Gerðar hafa verið skipulagsbreytingar til að einfalda verkferla og auka skilvirkni. Það eitt og sér dugar ekki til.

Ráðgjafi var fenginn til að leggja mat á stöðuna og leiðir til úrbóta. Í minnisblaði ráðgjafans til forstjóra kemur m.a. fram *"Það er ljóst að það er rík þörf á að ráðast í breytingar sem allra fyrst til þess að bregðast við viðvarandi álagi í starfsumhverfi Norðurorku. Ef ekkert verður að gert er líklegt að ákveðið starfsfólk neyðist til þess að fara í veikindaleyfi og aðrir gætu fylgt fast í kjölfarið."* Einnig segir í minnisblaðinu *"Mikilvægt sé að samhliða því sé unnið í því að bæta við stöðugildum þar sem þörf er á með það að markmiði að jafna álag og verkefni í stjórnenda hópnum sem leiðir til betri líðan starfsfólks og breyttrar menningar."*

Norðurorka hefur lagt mat á mannaflapörf til að bregðast við stöðunni og setur fram þriggja ára áætlun þar um. Áætlun þessi er hluti af launaáætlun Norðurorku fyrir árið 2024. Forstjóri kynnti málið fyrir stjórn.

Stjórn gerir ekki athugasemd við áætlunina.

4. Fjárhagsáætlun 2024

Fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun Norðurorku hf.

Tekjur taka mið af samþykktum verðskrárhækkunum og rekstrargjöld hækka almennt um áætlaða vísitölu NO, 6,6%. Laun hækka um 9,6% í samræmi við spá Seðlabanka Íslands um launaþróun, en nýir kjarasamningar taka væntanlega gildi á næsta ári. Gert er ráð fyrir 4,6% verðbólgu í fjármagnsliðum í samræmi við spá Seðlabankans. Rekstrartekjur eru áætlaðar 4.791 m.kr., rekstrargjöld 2.770 m.kr., og EBIDTA því 2.021 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 900 m.kr., fjármagnsliðir 485 m.kr., neikvæð áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaganna 6 m.kr. og skattar 26 m.kr. Rekstrarafkoma móðurfélagsins er áætluð 604 m.kr.

Tap Fallorku er áætlað 44 m.kr. en er gert ráð fyrir að hagnaður verði 604 m.kr. hjá samstæðunni.

Árið 2024 er gert ráð fyrir 1.881 m.kr. í fjárfestingar og eru fjárfestingar árána 2024-2027 áætlaðar 6.766 m.kr. Ljóst er að þörf er fyrir lántökum til að mæta fjárfestingum og er áætluð lántaka 2024 að fjárhæð 500 m.kr. og samtals 1.200 m.kr. á árunum 2024-2027.

Á fundinum var farið yfir fjárfestingaáætlun, rekstraráætlun, minnisblað um fjárhagsáætlunina, fjögurra ára áætlun á samstæðugrunni og ýmis ítagögn.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun Norðurorku 2024.

5. Lánamál Norðurorku

Lánasjóður sveitarfélaga hefur kynnt nokkra lánakosti sem standa Norðurorku til boða. 11. október fór fram útböð og telur sjóðurinn að nokkuð góð kjör bjóðist nú að teknu tilliti til núverandi vaxtakjara almennt. Samt sem áður eru vextir háir og eftirsóknarvert að reyna að ná betri vaxtakjörum. Fjármálastjóri kynnti þá kosti sem bjóðast.

Forstjóri leggur til að Norðurorka taki uppgreiðanlegt eingreiðslulán til fimm ára og freisti þess að betri kjör bjóðist á lánstímanum. Þá verður hægt að endurfjármagna eingreiðslulánið á betri kjörum.

Stjórn samþykkir tillögu forstjóra.

6. Arnarnes, sala á húsnæði og lóð

Borist hafa tilboð í húsnæði og lóð á Arnarnesi sem auglýst var til sölu. Náðst hefur samkomulag við einn tilboðsgjafa og hefur forstjóri samþykkt gagntilboð þeirra með fyrirvara um samþykki stjórnar Norðurorku hf.

Stjórn samþykkir tilboðið og felur forstjóra að vinna málið áfram.

7. Birting fundargerða og stefnuskjala Norðurorku á heimasíðu

Fundargerðir stjórnar Norðurorku hf. hafa hingað til ekki verið birtar á heimasíðu félagsins. Það sama á við um samþykktir félagsins. Einnig eru fáar innri stefnur félagsins aðgengilegar á heimasíðu.

Stjórn felur forstjóra að birta samþykktir og stefnur Norðurorku sem og fundargerðir stjórnar á heimasíðu.

8. Opið bréf til Norðurorku vegna hreinsistöðvar fráveitu

Ólafur Kjartansson birti opið bréf til stjórnar Norðurorku hf. á vefmiðlinum akureyri.net undir yfirskriftinni „*Viljum við feluleik í kringum framkvæmdir á vegum hins opinbera?*“

Með þeim skrifum er hann að fylgja eftir umfjöllun og skrifum sem áttu sér stað árið 2021. Ólafur óskar svara frá stjórn Norðurorku við spurningum sem hann leggur fram.

Stjórn felur forstjóra að svara fyrirspurn Ólafs.

9. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá fundarins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:42